

Fræðslunet
Suðurlands
Ársskýrsla

2012

EFNI

1	Starfsmannahald	1
2	Stjórn Fræðslunetsins	1
3	Bókhald	2
4	Afkoma	2
5	Húsnæði.....	2
6	Búnaður	4
7	Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)	4
7.1	Viðaukasamningar við FA.....	4
8	Fjölmennt.....	5
9	fræðslustarfið í máli og myndum.....	5
10	Náms- og starfsráðgjöf	9
11	Raunfærnimat.....	10
12	Þróunarsjóður framhaldsfræðslu.....	11
13	Önnur þróunarverkefni.....	12
14	Samstarf við stofnanir og fyrirtæki.....	12
15	Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands	13
16	Námsvísir og annað kynningarefni	14
17	EQM-gæðaviðmið	14
18	Nemendabókhaldið MySchool.....	14
19	Stiklunámskeið, Ísbrúarnámskeið	15
20	Kvasir og Leikn.....	15
21	Sóknaráætlun Suðurlands 20/20	15

22	IPA umsókn	15
23	Heimsóknir, ráðstefnur, fundir.....	16
23.1	Heimsókn í Nýheima á Höfn í Hornafirði.....	16
23.2	Ráðstefnur, fundir og námskeið.....	16
24	Niðurlag.....	17

1 STARFSMANNAHALD

Breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá Fræðslunetinu á árinu. Starfshlutfall ritara, Árdísar Dóru Óskarsdóttur, jókst úr 70% í 80%. Sandra D. Gunnarsdóttir, verkefnastjóri, var ráðin í fullt starf frá 1. janúar. Starfshlutfall Eydísar Kötlu Guðmundsdóttur, náms- og starfsráðgjafa, var aukið úr 35% í 50% frá 1. maí til 31. júlí og í 70% frá 1. ágúst. Aukningin felur í sér verkefnastjórn. Starfshlutfall Sólveigar Kristinsdóttur, náms- og starfsráðgjafa, var einnig aukið úr 45% í 80%. Aukningin felur í sér verkefnastjórn.

Rakel Þorsteinsdóttir er nýr starfsmaður hjá Fræðslunetinu sem verkefnastjóri yfir símenntun fatlaðs fólks á Suðurlandi. Hún hóf störf 1. apríl í 40% starfshlutfalli og var ráðin í fullt starf frá 1. júní.

Aðrar breytingar urðu ekki á starfsmannahaldi.

STARFSMENN:

- Framkvæmdastjóri: Ásm. Sverrir Pálsson
- Verkefnastjóri: Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir
- Verkefnastjóri: Sandra D. Gunnarsdóttir
- Verkefnastjóri: Rakel Þorsteinsdóttir
- Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri: Sólveig R. Kristinsdóttir
- Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri: Eydís Katla Guðmundsdóttir
- Ritari: Árdís Dóra Óskarsdóttir

2 STJÓRN FRÆÐSLUNETSINS

EFTIRTALDIR SKIPA STJÓRN:

- Gylfi Þorkelsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)
- Gunnar B. Þorsteinsson, varaformaður (kosinn af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Ingvar Pétur Guðbjörnsson (kosinn af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Starfsfólki eru færðar þakkir fyrir dugnað og samvirkusemi í störfum sínum og stjórn fyrir uppbyggilegt samstarf.

3 BÓKHALD

Eins og áður var bókhaldsþjónusta keypt af skrifstofu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Bókhaldið færir Ragnheiður Óskarsdóttir starfsmaður SASS. Bjarni Jónsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðaði reikninga Fræðslunetsins sem fylgja hér með.

4 AFKOMA

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings ársins 2012 eru:

Tekjur:	105.009.322
Gjöld:	105.044.663

Gjöld eru hærri en tekjur sem nemur kr. 35.341. Þegar tillit er tekið til fjármunatekna er rekstrarhagnaður ársins kr. 1.370.404. Í rekstraráætlun ársins var gert ráð fyrir kr. 803.000 í rekstrarhagnað án fjármunatekna.

Tekjur á milli ára hækka um kr. 22.075.850 nálægt því sem gert var ráð fyrir. Hér munar langmest um tekjur af símenntun fatlaðs fólks, þ.e. framlag Fjölmenntar til starfseminnar og nemendagjöld.

Eins og sjá má í ársreikningnum hafa afskriftir milli ára hækkað verulega sem skýrist af kaupum á húsgögnum og búnaði í nýtt húsnæði á Selfossi (sjá kaflana um húsnæði og búnað á bls. 2-4).

Árið 2012 er tekjuhæsta ár Fræðslunetsins frá upphafi.

5 HÚSNÆÐI

Höfuðstöðvar Fræðslunetsins eins og áður, þ.e. kennslustofur, kennslustofur með fjarkennslubúnaði, skrifstofa, eldhús og geymslur, voru í lðu, Tryggvagötu 25, á Selfossi. Húsnæðið leigði Fræðslunetið af Fjölbrautaskóla Suðurlands. Langflest námskeið, sem haldin eru á Selfossi, fóru fram í lðu. Verkleg námskeið voru haldin í Hamri, verknámshúsi Fjölbrautaskólans, og matreiðslunámskeið í kennslueldhúsi skólans og í útielddhúsi á lóð skólans. Auk þess hefur Fræðslunetið aðgang að sal Fjölbrautaskólans sem t.a.m. hefur verið notaður undanfarin ár fyrir hátíðarfund Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands, en þá er afhentur styrkur úr Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands.

Náms- og starfsráðgjafar Fræðslunetsins höfðu starfsaðstöðu sína í Sandvíkurskóla á Selfossi. Þar tóku þeir viðtöl við ráðþega og höfðu einnig aðstöðu til hópráðgjafar.

Fræðslunetið leigði húsnæði og aðstöðu hjá Háskólafélagi Suðurlands í Glaðheimum á Selfossi undir fjarkennd námskeið fyrir fangaverði þar sem ekki var pláss eða aðstaða til þess í lðu. Einnig voru haldin námskeið á Sólheimum í Grímsnesi.

Fræðslunetið hefur starfsstöð í Hvolsskóla á Hvolsvelli, skrifstofu og rúmgóða kennslustofu með nauðsynlegum kennslubúnaði auk fjarkennslubúnaðar. Fræðslunetið leigir húsnæðið af Rangárþingi eystra. Starfsmaður þar er Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir verkefnastjóri.

Fræðslunetið gerði þjónustusamning við Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð ses, 28. mars 2012 sem felur í sér að Fræðslunetið tekur að sér símenntun fatlaðs fólks á Suðurlandi. Með þessari starfsemi bættist við ný starfsstöð, á Eyravegi 67, Selfossi, sem Fjölmennt hefur undanfarin ár leigt af Fasteignum ríkissjóðs, skrifstofu, kennslustofur og kennslueldhús. Þar voru flest námskeið fyrir fatlað fólk haldin.

Annars staðar á Suðurlandi fékk Fræðslunetið einkum inni í grunnskólum fyrir námskeið sín (sjá fylgiskjöl 1a og 1b um námskeið og staði).

Fræðslunetið færir skólastjórum grunnskólanna, yfirmönnum Fjölbrautaskólans, umsjónarmönnum skólabýgginga Fjölbrautaskólans, framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands, starfsfólki í Glaðheimum og öðrum sem skutu skjólshúsi yfir námsmenn þess þakkir fyrir lipurð og hnökralaust samstarf.

Fyrir síðasliðin áramót flutti Fræðslunetið með alla starfsemi sína á Selfossi í Fjölheima við Bankaveg. Í Fjölheimum eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur, jafnt til bóklegrar sem verklegrar kennslu, kaffistofa starfsfólks, vinnuaðstaða fyrir kennara Fræðslunetsins og tækjageymsla, lesstofa fyrir námsmenn, kaffistofa og hópinnuaðstaða fyrir námsmenn auk funda- og viðtalsherbjergja. Öll skólastofuborð og stólar hæfa nú fullorðnu fólki. Þetta er mikil breyting frá því sem var og getur Fræðslunetið nú kinnroðalaust boðið fullorðið fólk velkomið til náms við fyrirtaksaðstæður.

6 BÚNAÐUR

Allt frá stofnun hefur Fræðslunetið ekki þurft á því að halda, nema lítilega, að kaupa grunnbúnað til starfseminnar, s.s. borð og stóla í kennslustofur og skjávarpa. Þessi búnaður hefur fylgt því leiguhúsnæði sem Fræðslunetið hefur haft not af.

Með flutningi Fræðslunetsins í Sandvíkursetur fylgdu hins vegar mikil kaup á allskyns búnaði sem starfsemin útheimtir, s.s. á borðum og stólum í kennslustofur, skjávörpum; skrifstofubúnaði, nýjum routerum, nettengingum, sírstöð og kennslueldhúsi í félagi við Fjölmennt og ýmsu öðru sem nauðsynlegt er að sé til staðar svo allir uni glaðir við sitt.

7 SAMSTARF VIÐ FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Þjónustusamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var gerður á árinu líkt og undanfarin ár, undirritaður 7. febrúar. Slíkir samningar hafa verið gerðir árlega allt frá árinu 2006. Í þjónustusamningnum segir: „Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.“

Í þjónustusamningnum er kveðið á um framlag úr Fræðslusjóði til vottaðs náms sem meta má til eininga á framhaldsskólastigi, til náms- og starfsráðgjafar og til raunfærnimats. Um framlag til þessara verkefna skyldi gera sérstaka viðaukasamninga. Þá er grein um styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

7.1 VIÐAUKASAMNINGAR VIÐ FA

15. febrúar undirritaði Fræðslunetið viðaukasamning við FA um greiðslur til vottaðs náms. 27. febrúar var undirritaður viðaukasamningur um náms- og starfsráðgjöf og 8. mars voru undirritaðir viðaukasamningar um raunfærnimat á móti námskrá skrifstofubrautar I við Menntaskólann í Kópavogi og um raunfærnimat í málmiðnaði.

16. október var undirritaður viðaukasamningur um vottaðar námsleiðir þar sem kveðið er á um endurgreiðslu Fræðslunetsins vegna námsbrautar sem ekki tókst að halda á árinu. Fræðslunetið greiddi þannig kr. 1.619.600 til FA.

Markmið um kennslu námsbrauta FA sem Fræðslunetið setti sér náðust sem sé ekki á árinu þannig að munaði einni námsbraut.

8 FJÖLMENNT

Verkefnastjóri með símenntun fatlaðs fólks á Suðurlandi, Rakel Þorsteinsdóttir, kom til starfa að hluta til í mars og í fulla vinnu í maí. Lögð var áhersla á það annars vegar að kynna þá breytingu að fræðslan flyttist yfir til Fræðslunetsins frá hausti og hins vegar á framboð á námskeiðum. Gefinn var út námsvísir sem sendur var út til markhópsins í júnímánuði og á opinbera staði á Suðurlandi. Á tímabilinu júní til september fylgdi verkefnastjóri námsvísinum eftir með alls 20 kynningum víðs vegar um landshlutann fyrir væntanlega námsmenn og aðstandendur þeirra, aðstoðarfólk og samstarfsaðila á vinnustöðum fyrir fatlað fólk. Þá voru kynningar haldnar á heimilum þess, s.s. á Sólheimum, í Skaftholti, Kerlingardal, á Breiðabólstað og á vinnustöðunum, á VISS vinnu- og hæfingarstöð á Selfossi og í Þorlákshöfn.


Á haustönn voru haldin 24 námskeið með 114 námsmönnum alls.

9 FRÆDSLUSTARFIÐ Í MÁLI OG MYNDUM

Námskeið á árinu voru snöggtum fleiri en árið á undan. Alls voru haldin 135 námskeið, 28 námskeiðum fleira en árið 2011. Á myndinni hér að neðan er námskeiðum skipt í sex efnisflokka og fjöldi þeirra tilgreindur.

Í fjölgun námskeiða milli ára vega þyngst námskeið fyrir fatlað fólk, en frá hausti 2012 hefur Fræðslunetið sinnt símenntun fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Rétt er að benda á að sú flokkun sem kemur fram á myndinni orkar tvímælis, einkum óljós skil á stundum milli starfstengdra námskeiða/persónulegrar hæfni og tómstundanámskeiða.




Frá upphafi hefur Fræðslunetið reynt að leggja áherslu á fjölbreytt úrval af starfstengdum námskeiðum og tómstundanámskeiðum enda eftirspurn eftir þeim verið tiltölulega mikil. Nokkur sveifla er milli anna í báðum námskeiðsflokkunum eins og gera má ráð fyrir; fleiri námskeið að þessu sinni á vorönn en á haustönn. Langflest auglýstra námskeiða voru haldin og stóð þessi þáttur starfseminnar undir væntingum.

Fjöldi námskeiða sem flokkast undir Fjölmenn, símenntun fatlaðs fólks, var framar vonum. Þeir námsmenn sem höfðu áður sótt námskeið sóttu nú fleiri námskeið og nýir þátttakendur bættust í hópinn.

Gert var ráð fyrir fleiri íslenskunámskeiðum en raunin varð en hlutfallslega fleiri, sem hófu námskeið, luku þeim, en árið á undan.

Fræðslunetið hefur undanfarnar annir haldið ókeypis námskeið eða fyrirlestra sem höfðu til almennings og ætla má að hafi samfélagslega þýðingu. Fimm slík námskeið voru haldin á árinu með alls 176 þátttakendum.




Myndin sýnir fjölda þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslunetinu 2012 skipt eftir efnisflokkum námskeiða.

Námsmönnum í íslensku fyrir útlendinga er smám saman að fjölga eftir að hafa fækkað verulega frá hruni.

Fræðslunetið sótti um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins til íslensku fyrir útlendinga fyrir alls 187 námsmenn á árinu. Samþykkt styrkloforð hljóðuðu upp á styrk

fyrir allt að 163 námsmönnum. Styrkir til íslensku fyrir útlendinga miðast við fjölda þeirra sem ljúka námskeiðum á fullnægjandi hátt. Reynslan er sú að brotthvarf hefur verið talsvert, nokkur fjöldi þeirra, sem innrita sig, mætir ekki þegar á reynir og sumir halda námskeiðin ekki út. Brotthvarf nú er til muna minna en árið áður. Alls luku 142 námsmenn íslenskunámskeiðum.

Þegar bornar eru saman myndirnar af nemendafjölda og nemendastundafjölda (bls. 9) þá kemur í ljós hvað námsbrautirnar (námsleiðir FA) veða þungt í fræðslustarfinu. Í atvinnutengdum námskeiðum, tómstundanámskeiðum og íslenskunámskeiðum (stök námskeið á mynd á bls. 9) eru fleiri námsmenn alls en á námsbrautunum en hver námsmaður á námsbraut situr mun fleiri tíma en aðrir námsmenn Fræðslunetsins.




Fjöldi nemendastunda er fenginn með fjölda nemenda (námsmanna) x fjölda námskeiðsstunda.


102 leiðbeinendur kenndu hjá Fræðslunetinu á árinu.

Á starfsárinu voru námskeið haldin á Kirkjubæjarklaustri, í Vík, á Hvolsvelli, Flúðum, Sólheimum, Selfossi, í Hveragerði og Þorlákshöfn og raunar að hluta til í Reykjavík (kvikmyndasmiðja).


Myndin sýnir aldursdreifingu þeirra sem stunduðu nám á námsbrautum (námskrár FA).



Þessi mynd sýnir annars vegar skiptingu námsmanna eftir kynjum á námsbrautum og hins vegar skiptingu á öðrum námskeiðum eða stökum námskeiðum.



Þessi mynd sýnir búsetu þeirra sem sóttu námskeið og námsbrautir hjá Fræðslunetinu 2012.



10 NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Í áðurnefndum viðaukasamningi um náms- og starfsráðgjöf er greiðslum skipt til ráðgjafar samkvæmt líkani og til viðbótarviðtala. Þá eru viðtölin flokkuð og verðlögð eftir eðli þeirra og hvar þau eru tekin.

Gerð var áætlun um að taka 583 viðtöl á árinu en þau urðu þó nokkru fleiri (sjá töflu á bls. 10). Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að þessi þjónusta í starfseminni er mjög eftirsótt, raunar svo að viðtöl hafa jafnan verið fleiri en áætlað hefur verið. Á árinu voru konur umtalsvert fleiri í hópi ráðþega en karlar sem höfðu a. á m. yfirhöndina 2011.

Áætlað var að þjóna eystri hluta starfssvæðisins betur en gert hefur verið. Það gekk ekki eftir nema að hluta þar sem ákveðið var að sinna eftirspurn í Þorlákshöfn og Ölfusi.

FJÖLDI RÁÐÞEGA EFTIR KYNI		
Ár	2012	2011
Karlar	252	327
Konur	370	256
Alls	622	583

11 RAUNFÆRNIMAT

Þrenns konar raunfærnimat fór fram á árinu:

1. Raunfærnimat í skrifstofugreinum var haldið á vorönn. Helstu samstarfsaðilar voru: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Menntaskólinn í Kópavogi, Verslunarmannafélag Suðurlands, Fagráð verslunar og þjónustu og Vinnumálastofnun Suðurlandi. Almennur kynningarfundur á raunfærnimatinu var haldinn 11. apríl að undangengnum auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi, s.s. í námsvísi Fræðslunetsins. 13 þreyttu raunfærnimatið og hlutu samtals 183 einingar eða 14,1 einingu að meðaltali. Markmið skv. umsókn var 180 einingar í heild.
2. Raunfærnimat í málmiðngreinum var haldið á haustönn. Helstu samstarfsaðilar voru: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Iðan fræðslusetur, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Félag iðn- og tæknigreina og Félag vélstjóra og málmtæknimanna. Raunfærnimatið var auglýst í staðarmiðlum í júní og kynningarfundur auglýstur og haldinn í október. 7 einstaklingar þreyttu raunfærnimatið og hlutu samtals 302 einingar eða 43,1 einingu að meðaltali. Markmiðið skv. umsókn var 240 einingar í heild.
3. Raunfærnimat í verslunar- og þjónustustörfum á haustönn. Helstu samstarfsaðilar voru: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fagráð verslunar og þjónustu, Verslunarmannafélag Suðurlands, Vinnumálastofnun Suðurlandi, Menntaskólinn í Kópavogi, N1 og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) en um var að ræða samstarfsverkefni Fræðslunetsins og MSS og kostað með styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Raunfærnimatið var auglýst í sunnlenskum fréttamiðlum. Útbúinn var kynningarblöðungur sem dreift var í verslunar- og þjónustufyrirtæki og jafnframt var raunfærnimatið kynnt námsmönnum á

námsleiðum FA hjá Fræðslunetinu. 12 einstaklingar tóku þátt í raunfærnimatinu og luku allir mati. Að auki luku 11 einstaklingar vinnustaðahlutanum og jafnmargir lokaverkefni í verslunarfagnámi. Alls luku þátttakendur 465,7 einingum eða 38,8 einingum að meðaltali, að viðbættum vinnustaðahluta og lokaverkefni hlutust 516 einingar eða að meðaltali 43 einingar.

Markmiðið skv. umsókn var 28 einingar að meðaltali en í henni var ekki gert ráð fyrir vinnustaðahluta og lokaverkefni.

RAUNFÆRNIMAT	FJÖLDI	EININGAR/ MARKMIÐ	EININGAR ALLS	MEÐALTAL
Skrifstofugreinar	13	180	183	14.1
Málmiðngreinar	7	240	302	43.1
Verslunar- og þjónustustörf	12	336	465.7	38.8
Vinnustaðahluti og lokaverkefni viðb.	11		(516)	(43)

Sólveig Kristinsdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri var verkefnisstjóri Fræðslunetsins í áðurnefndu raunfærnimati.

12 ÞRÓUNARSJÓÐUR FRAMHALDSFRÆÐSLU

Í janúar undirritaði Fræðslunetið eftirfarandi samninga við Þróunarsjóð framhaldsfræðslu:

1. Um ritun kennslubókar í verslunarreikningi fyrir Skrifstofuskólann, unnið í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Ritun bókarinnar hefur að mestu leyti verið á hendi kennara við MSS.
2. Um fjarkennslu á Fagnámskeiði fyrir starfsmenn í leikskólum, unnið í samvinnu áður talinna símenntunarstöðva, sbr. lið 1. Liðlega helmingur fagnámskeiðsins var fjarkenndur á haustönn í alla landshlutana. Námskeiðinu lýkur í mars 2013.
3. Til fjarkennslu á 9 einingum af Félagsliðabré, unnið í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. 12 námsmenn skráðu sig og luku allir tilsettum 9 einingum. Lauk á haustönn.
4. Til að halda raunfærnimat í verslunarfagnámi, unnið í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (sjá um raunfærnimat, 3. lið á bls.11).

13 ÖNNUR ÞRÓUNARVERKEFNI

Fræðslunetið sótti síðastliðið vor um fjóra styrki til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til eflingar starfsmenntunar 2012-2013. Þrjár af umsóknunum voru samþykkar, sbr. bréf ráðuneytisins til Fræðslunetsins, dags. 6. september síðastliðinn. Undirbúningsvinna hófst á árinu en verkefnunum lýkur í maí 2013.

Verkefnin eru:

1. Vinnan – lærðu og njóttu. Þróun á heildstæðu námi fyrir fólk með skerta starfsorku og/eða skerta námsfærni. Verkefnið er unnið í samstarfi við Fjölmennt og snýst um að skipuleggja 150 stunda nám, skrifa námskrá, útbúa námsefni og tilraunakenna á vorönn 2013.
2. Greining á námsþörfum nýrra þátttakenda hjá Fræðsluneti Suðurlands vegna samstarfs við Fjölmennt. Greiningarvinnan, ásamt spurningakönnun og rýnihópum og heildarniðurstöðum eru í höndum Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, skv. samningi stofnunarinnar og Fræðslunetsins.
3. Greining á námsþörfum fullorðins fólks á Suðurlandi, sem hefur verið í námi hjá Fræðslunetinu eða ráðgjöf. Greiningarvinnan ásamt heildarniðurstöðum og framkvæmdaáætlun er unnin í samvinnu við Háskólafélag Suðurlands.

14 SAMSTARF VIÐ STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

Samstarfi við Vinnumálastofnun Suðurlandi um úrræði fyrir atvinnuleitendur var haldið áfram. Vinnumálastofnun sendi þjónustunotendur sína einkum á námsbrautir sem Fræðslunetið hélt, s.s.: Grunnmenntaskóla, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum og Sterkari starfsmann. Námskeiðið Gagn og gaman var búið til í samráði við VMST og Virk, 97 kennslustunda, haldið fyrir þátttakendur frá stofnunum báðum í Þorlákshöfn en eingöngu fyrir þjónustunotendur VMST á Selfossi.

Námskeiðin íslenska og tjáning voru haldin í samstarfi við Sólveigu Guðmundsdóttur, Maríu Reyndal og Vinnumálastofnun, styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Aðrar stofnanir, fyrirtæki og félag, sem Fræðslunetið hafði samvinnu við um námskeiðahald á árinu eru m.a.: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Birta, starfsendurhæfing Suðurlands, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Auðbjörg ehf. (fiskvinnsla) Þorlákshöfn, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Ás dvalarheimili í Hveragerði, HNLFI í Hveragerði Fræðslusetrið Starfsmennt í Reykjavík, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Endurmenntun Háskóla Íslands, stéttarfélagin á Suðurlandi,

Sólheimar í Grímsnesi, Framvegis, miðstöð símenntunar, og Suðurlandsdeild Sjúkraliðafélags Íslands.

Þá hefur Fræðslunetið haft góða samvinnu við Háskólafélag Suðurlands um ýmis efni er lúta að fræðslumálum fullorðins fólks á Suðurlandi, m.a. leitað til félagsins um húsnæði, eins og komið hefur fram, fyrir fjarfundi og kennslu þegar kennslustofur í lðu hafa verið þéttsetnar.

Áður er fjallað um samvinnu við FA, sem er mikið; lðuna o.fl. um raunfærnimat; við aðrar símenntunarstöðvar um námskeið og raunfærnimat og við stofnanir og heimili fyrir fatlað fólk á Suðurlandi.

15 VÍSINDA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands, áður Vísinda- og rannsóknarsjóður Fræðslunets Suðurlands, var stofnaður árið 2002 og hafa styrkir verið veittir úr sjóðnum árlega síðan þá. Tuttugu fyrirtæki, stofnanir og samtök á Suðurlandi styrkja nú sjóðinn með árlegum framlögum (sjá fylgiskjal 2). Fræðslunetið fer með umsýslu við sjóðinn.

Í samþykktum sjóðsins segir: „Sjóðurinn heitir Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í reglum þessum. Til sjóðsins er stofnað á vegum Fræðslunets Suðurlands ses. en frá og með 2010 er Háskólafélag Suðurlands ehf. einnig aðili að sjóðnum.” (1. gr.)

Í 2. gr. segir: “Markmið Vísinda- og rannsóknarsjóðsins er að styrkja stúdenta, sem eru að vinna að lokaprófsverkefni, til rannsóknarstarfa á Suðurlandi í samræmi við markmið skipulagsskrár Fræðslunets Suðurlands og samþykktir Háskólafélags Suðurlands.”

Áskilið er í samþykktum sjóðsins að rannsóknarverkefni verði að tengjast “Suðurlandi með ótvíræðum hætti og ritgerðin að fjalla um aðstæður tengdar Suðurlandi. Verkefnið skal þjóna ótvíræðum atvinnulegum/fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.” (6. gr., 2. tl.)

Á haustdögum var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn eins og reglur hans gera ráð fyrir. Auglýst var í Fréttablaðinu og í háskólum á landinu. Styrkupp hæðin var 1,1 milljón króna. Alls bárust 12 umsóknir (sjá fylgiskjal 3). Tveimur umsækjenda var veittur styrkur að þessu sinni: Ásdísi Jónsdóttur, sem stundar nám við Háskólann í Ósló, fyrir doktorsverkefni sitt um rannsóknir á jöklum á Suðurlandi og þekkingarsköpun um þá; og Magneu Báru Stefánsdóttur fyrir verkefnið ljósmyndasafn Ottós Eyfjörð sem er

lokaverkefni hennar í MA námi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. (Sjá fylgiskjal 4 um styrkhafa frá upphafi).

Forseti Íslands afhenti styrkina á sérstökum hátíðarfundum sem haldinn var í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands 31. janúar 2012.

Styrkþegar sjóðsins frá upphafi eru orðnir 18. Á árinu fjölgaði styrktaraðilum sjóðsins úr 15 í 20.

Fræðslunetið þakkar stofnaðilum og styrkjendum Vísinda- og rannsóknarsjóðs góðan stuðning á árinu.

16 NÁMSVÍSIR OG ANNAR KYNNINGAREFNI

Námsvísir Fræðslunetsins er gefinn út tvisvar á ári, í byrjun vor- og haustannar og dreift til allra heimila og fyrirtækja á Suðurlandi. Í námsvísinum eru allar nauðsynlegar upplýsingar um Fræðslunetið auk kynningar á flestum námskeiðum sem ætlunin er að halda árlega.

Auk námsvísis hefur Fræðslunetið gefið út sérstakan kynningarblöðung um starfsemina og kynningarspjald um náms- og starfsráðgjöf til afhendingar við ýmis tækifæri. Við flutninga Fræðslunetsins þarf að endurnýja hvort tveggja. Þá hefur verið prentuð sérstök vasamappa sem námsmenn á styttri námskeiðum fá afhentar.

Þá voru útbúnir 3 blöðungar til kynningar á því raunfærnimati sem fram fór á árinu hjá Fræðslunetinu.

17 EQM-GÆÐAVIÐMIÐ

Innleiðingu á gæðaviðmiðum EQM lauk á árinu eins og stefnt var að. BSI hefur mælt með vottun Fræðslunetsins, sem tekur til hönnunar og þróunar námskeiða, kennslu og almennrar umsýslu fullorðinsfræðslu.

18 NEMENDABÓKHALDIÐ MYSCHOOL

Fræðslunetið hefur undanfarin ár notað skráningarkerfið Myschool sem hefur verið þróað á vegum FA. Kerfið hefur verið innleitt hjá Fræðslunetinu að því marki sem gert verður – að öllum líkindum. Með kerfinu er haldið utan um allar skráningar og nám námsmanna á námskeiðum og námsbrautum Fræðslunetsins og um leiðbeinendur.

19 STIKLUNÁMSKEIÐ, ÍSBRÚARNÁMSKEIÐ

Verkefnistjóri yfir fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks, stuðningsfulltrúi og tveir leiðbeinendur sóttu námskeiðið Stiklur 15 þar sem fjallað var um símenntun fyrir fatlað fólk.

Einn aðal leiðbeinandi í íslensku fyrir útlendinga, sótti námskeið í íslenskukennslu hjá Ísbrú á árinu.

20 KVASIR OG LEIKN

Fræðslunetið á félagsaðild að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarstöðva. Í félaginu eru 11 símenntunarstöðvar á landinu sem eiga með sér margháttað samstarf um fullorðinsfræðslu og hagsmunamál stöðvanna. Samtökin halda jafnaðarlega vor- og haustfund og skiptast stöðvarnar á að halda haustfundina.

Vorfundur (aðalfundur) var haldinn 18. apríl á Grand Hótelu í Reykjavík. Haustfundur var hins vegar haldinn á Ísafirði 2. – 3. október.

Fræðslunetið er jafnframt aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Aðalfundur Leiknar var 18. apríl á Grand Hótelu.

21 SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS 20/20

Mikil vinna hefur verið unnin á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga að sóknaráætlun Suðurlands sem lýtur að stefnumörkun stjórnvalda um Ísland 20/20. Undirritaður hefur setið í framkvæmdaráði sóknaráætlunar Suðurlands og vinnuhópi um menntastefnu Suðurlands. Gert er ráð fyrir að heildarskýrslu um sóknaráætlun Suðurlands verði lokið í febrúar 2013 og lögð fyrir stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu.

22 IPA UMSÓKN

Fræðslunetið hefur associate-aðild að umsókn um IPA-styrk til verkefnisins Enhance entrepreneurship growth, entrepreneurship teaching and entrepreneurship culture. Aðalumsækjandi er Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi. Í mars 2013 ættu niðurstöður að liggja fyrir um afdrif umsóknarinnar.

23 HEIMSÓKNIR, RÁÐSTEFNUR, FUNDIR

23.1 HEIMSÓKN Í NÝHEIMA Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

Starfsmenn Fræðslunetsins fóru í heimsókn í Nýheima á Höfn í Hornafirði 10. - 11. maí. Markmiðið með ferðinni var að kynna starfsemi í Nýheimum, skoða aðstæður þar og huga að framtíðarsýn framhaldsfræðslu á Suðurlandi. Austur-Skaftafellssýsla tilheyrir nú starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

23.2 RÁÐSTEFNUR, FUNDIR OG NÁMSKEIÐ

Samráðsfundur símenntunarstöðvanna innan Kvasis og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins var haldinn í Blönduvirkjun 13. – 14. mars. Til umfjöllunar voru veigamikil mál, s.s. leiðbeiningar ráðuneytisins um gerð umsóknar um viðurkenningu fræðsluaðila, um framsetningu starfsáætlana, rekstraráætlana, ársskýrslu og ársreikninga.

Fundur Fræðslusjóðs með fræðsluaðilum var haldinn í Reykjavík 17. febrúar. Fundarefni var úthlutanir úr sjóðnum, málefni Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu og fleira.

Fjórir starfsmenn Fræðslunetsins sóttu ráðstefnuna Innovationskonferansen í Ósló 4. – 5. júní. Ráðstefnan var haldin á vegum NVL (Nordiskt nätverk för vuxnas lärande) og meginþemað var nýjungar í fullorðinsfræðslu.

Auk þessa sótti starfsfólk Fræðslunetsins fjöldann allan af fundum, ráðstefnum og námskeiðum í tengslum við störf sín.

24 NIÐURLAG

Fræðslunetið hefur nú starfað í 14 ár sem miðstöð símenntunar og fullorðinsfræðslu á Suðurlandi og hefur þjónusta þess við Sunnlendinga farið ört vaxandi. Umsjá með námskeiðum fyrir fatlað fólk á Suðurlandi er nýr þáttur í starfseminni.

Enn er þó fjöldamargt ógert eins og að líkum lætur. Það er því ásetningur stjórnar Fræðslunetsins og starfsfólks að auka enn þjónustu sína við fullorðið fólk á Suðurlandi með námskeiðahaldi og greiðari aðgangi Sunnlendinga að framhaldsfræðslu.

Selfossi, 26. apríl 2013

Ásm. Sverrir Pálsson

framkvæmdastjóri